



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ

Textílmennt – 1. bekkur

Hver nemandi er í tvær samliggjandi kennslustundir á viku í textílmennt, fyrir eða eftir áramót. Hálfur bekkur er í einu á móti myndlist.

Unnið er með textílefni, s.s. þræði, ull og tau og markvisst stefnt að því að efla sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Börnin fá innsýn í einfaldar grunnaðferðir í textílvinnslu, t.d. hvernig ull breytist við þæfingu, hvernig nota má þræði t.a.m. í vefnaði og fingurprjóni. Þau fá þjálfun í að þræða nálar, binda hnúta og sauma einföld spor í jafa eða tau.

Matsviðmið

Textílmennt

Fingraprjónað.

Ofið einfaldan rammavefnað.

Þæft ull.

Saumað þræðispor í jafaefni.

Þrætt nál og bundið hnút.

Notað hugtök s.s. fingraprjón, vefnaður og þæfing.

Sagt frá ull, hvaðan hún kemur og hvað unnið er úr henni.

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Námsmat

Kennari metur hæfniviðmið í lok annar, í desember eða maí eftir því hvort nemandinn er í textílmennt fyrir eða eftir áramót. Matið birtist á Mentor.

Athugið að ekki eru öll hæfniviðmið metin hverju sinni, heldur velur kennari þau viðmið sem áhersla er lögð á og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja ýmis verkefni, ástundun og kannanir.